

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1372/2007

2014/EES/54/104

frá 23. október 2007

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við Lissabon-áætlunina og eins og staðfest var í endurskoðun þeirrar áætlunar á miðju tímabilinu árið 2005, verður stefna Evrópubandalagsins að beinast í auknum mæli að hagvexti og atvinnumálum til að ná fram markmiðum Lissabon-áætlunarinnar.
- 2) Þróun Bandalagsins og starfsemi innri markaðarins auka þörfina fyrir samanburðarhæf gögn sem gera kleift að meta áhrif uppbyggingar og dreifingar launa, launakostnaðar og starfsmenntunar og -þjálfunar á vinnumarkaðinn, einkum í því skyni að greina efnahagslega og félagslega samheldni.
- 3) Til þess að framkvæmdastjórnin geti annast verkefni sem henni eru úthlutað þarfnast hún gagna um röðun launa eftir félagslegum og hagrænum eiginleikum, og einnig í tengslum við ýmiss konar launaða atvinnu, sem eru nauðsynleg til að greina og skilja vinnumarkaðinn og þær breytingar sem eiga sér stað í uppbyggingu vinnuafslins. Í þessu tilliti eru kostir þess að hafa gögn um laun í tíundarhlutum í tengslum við önnur einkenni starfa viðurkenndir.
- 4) Vinnumarkaðskönnun Bandalagsins er fyrsta og áreiðanlegasta heimildin þar sem er að finna vinnumarkaðsupplýsingar í Evrópusambandinu og

upplýsingar um laun sem grundvallarbreytu til skýringar á vinnumarkaðshæðun, ættu að vera staðlaður þáttur í þessari könnun til að unnt sé að fá fram ítarlegri greiningu á vinnuörkuðum.

- 5) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽²⁾, í samræmi við 3. gr. þeirrar ákvörðunar.
- 6) Því ber að breyta reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽³⁾ til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 577/98 er hér með breytt sem hér segir:

- 1) í stað 1-liðar 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1) laun fyrir aðalstarf,“

- 2) í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Afhending niðurstaðna

Innan tólf vikna frá lokum viðmiðunartímabilsins skulu aðildarríkin senda Hagstofu Evrópubandalaganna niðurstöður könnunarinnar án beinna kennimerkja.

Þegar stjórnslugögn eru notuð til að afhenda gögn sem samsvara könnunatriðinu „laun fyrir aðalstarf“ er heimilt að senda gögnin til Hagstofu Evrópubandalaganna innan tuttugu og eins mánaðar frá lokum viðmiðunartímabilsins.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. L 315, 3.12.2007, bls. 42. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2008 frá 6. júní 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 58, 25.9.2008, bls. 21.

⁽¹⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. júlí 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 9. október 2007.

⁽²⁾ Stj. L 181, 28.6.1989, bls. 47.

⁽³⁾ Stj. L 77, 14.3.1998, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 (Stj. L 336, 23.12.2003, bls. 6).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. október 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. LOBO ANTUNES

forseti.
